

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Hvalfirði



<b>Dags eftirlits</b>	10.10.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	381456,135	435175,315

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlitið. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðablöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðablöð voru í góðu lagi.

Allir 11 geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2012.

Stöðin stendur tóm og beðið er eftir að bensín verði næst sett á stöðina svo hægt sé að mæla losun rokgjarnra lofttegunda frá stöðinni. Stöðin var tæmd í apríl 2014 og hefur staðið tóm síðan. Gufuendurnýtingartæki er í stöðinni og var það yfirfarið sumarið 2013 og mælur kvarðaðir. Tækið er tölvutengt og símæling á losun gufa til andrúmslofts. Reglugerð nr. 252/1999 kveður á um að losun gufa frá geymslu á bensíni skuli ekki fara yfir 35 mg/Nm<sup>3</sup>/klst. Samkvæmt gögnum úr símælingu fór hæsti toppur í 10 g/Nm<sup>3</sup>, en klukkutímameðaltal var hæst 4,5 g/Nm<sup>3</sup>.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

Þrjár olíuskiljur eru í stöðinni. Allar hafa verið þjónustaðar á liðnu ári en þar sem ekki hefur orðið mengunaráhapp í stöðinni og undantöppun fer ekki fram er lítið álag á olíuskiljurnar. Tekið var á loka í lögn á milli mengunarfarnapróar og olíuskilju og reyndist hann lokaður. Olíupróf Machery-Nagel var notað til þess að prófa hvort olía greindist í fráveitu stöðvarinnar. Engin lítarbreyting varð á kvarðanum og því telst olía í frárennsli vera undir 15 ppm.

Myndavélakerfi, girðingar og hlið voru í góðu lagi. Stöðin er ómönnuð en vaktmaður kemur daglega og yfirfer stöðina. Vaktmaðurinn kvittar fyrir komu sinni.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 07.11.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.